

A 1818/vælfærd

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Þingmannatillaga um aukið öryggi með New York-líkaninu

Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að norrænu löndin skoði hvaða lærdóm megi draga af New York-líkaninu og hvernig nýta megi hann í norrænu löndunum

Bakgrunnur

Eitt af grundvallarhlutverkum ríkisins er að halda uppi lögum og reglu. Takist lögreglunni ekki að skapa öryggi og upplýsa glæpi er hættu á að það grafi undan trú á réttarkerfið og ríkisvaldið. Almennu hefur trú á réttarkerfið verið mikil á meðal norrænna borgara. Þó sýna skýrslur frá sænska glæpaforvarnaráðinu fram á auknar áhyggjur af glæpum og þverrandi tiltrú á réttarkerfið,¹ nokkuð sem er sérstaklega áberandi á félagslega viðkvæmum svæðum.² Til að snúa þessari þróun við telur flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði að norrænu löndin ættu að reyna að draga lærdóm af árangursríkri baráttu New York-borgar gegn glæpum og af New York-líkaninu.

Frá hárrí glæpatíðni til einnar öruggustu borgar í heimi

Milljónaborgin fór frá því að vera mjög óörygg og glíma við háa glæpatíðni yfir í að vera ein öruggasta stórborg Bandaríkjanna og heimsins. Frá 1990 hefur glæpatíðni lækkað almennt um 81,8 prósent, ránum hefur fækkað um 87,1 prósent og manndrápum um 87 prósent.³

Fyrirverandi yfirmanni jarðlestadeildar lögreglunnar, Bratton, er eignaður stór þáttur í þessum árangri en hann tók upp þá stefnu að brot á borð við að greiða ekki fargjald eða krota á veggjum væru ekki liðin. Þeir sem ekki greiddu fargjald voru dæmdir til sektargreiðslu. Ef leitað var á þeim sem ekki greiddu fargjald kom í ljós að fimmtí hver þeirra var annaðhvort eftirlýstur eða með fíkniefni á sér og tíundi hver þeirra var vopnaður. Þessar aðgerðir höfðu í för með sér að vopnum fækkaði í New York. Útkrotaðir jarðlestarvagnar voru teknir úr umferð þar til þeir höfðu verið hreinsaðir og öryggistilfinning notenda jókst.

¹ BRÁ 2018 Sammanstilling av centrala resultat från Nationella trygghetsundersökningen 2017

² BRÁ 2018 Relationen till rättssäendet i socialt utsatta områden

³ 2018, CompStat Citywide Report Covering the Week 8/19/2019 Through 8/25/2019



Aðferðin sem notuð var, The Broken Windows Theory, er byggð á því að sé rúða brotin án þess að vera löguð líði ekki á löngu uns önnur verði brotin. Við tekur neikvæð keðjuverkun með hækkaðri glæpatíðni, lækkun fasteignaverðs og dvínandi öryggi. Litlir glæpir leiða af sér stóra glæpi. Ekki aðeins lögreglan notaði þessa aðferð. The Bryant Park Corporation (BPC) er annað dæmi. BPC var stofnað árið 1980 til að endurreisa hinn sögufræga almenningsgarð Bryant Park sem mjög hafði látið á sjá á áttunda áratugnum. BPC stóð fyrir því að fegra og hreinsa garðinn og gera hann öruggan. Bryant Park fór frá því að vera nefndur Needle Park í að vera einn vinsælasti almenningsgarður New York-borgar. Verkefni á borð við þessi í samgöngukerfinu og Bryant Park hafa leitt til þess að New York er orðin örugg borg.

Ásamt þeirri stefnu að líða ekki brot koma fleiri mikilvægir þættir til. Fræðimenn sem rannsakað hafa þann árangur sem náðst hefur í New York benda á þátt millistjórnenda hjá lögreglunni.⁴ Síðar varð Bratton lögreglustjóri í NYPD þar sem hann innleiddi CompStat sem er tölfræðikerfi sem enn er í notkun þar sem fjöldi glæpa er tekinn saman vikulega. CompStat er einnig notað til að hafa eftirlit með lögreglustarfseminni. Nýjar tölur eru birtar á heimasíðu lögreglunnar vikulega. Einnig eru haldnir vikulegir fundir á aðallögreglustöðinni í New York þar sem yfirmaður hvers umdæmis fer yfir áætlun sína með yfirstjórn lögreglunnar. Einnig fylgja yfirmenn umdæmanna fyrri fundum eftir. Þessi skýra ábyrgð hefur skapað árangursmiðaða menningu innan stofnunarinnar. Mikilvægur þáttur í þessu er að CompStat heldur ekki utan um upplýsta glæpi heldur tilkynnta glæpi. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir glæpi og lækka glæpatíðnina. CompStat hefur nýst við að greina glæpamynstur og forgangsraða í starfi lögreglunnar víðar en í New York. Í þeim borgum sem aðferðin hefur verið notuð hefur glæpatíðni lækkað um 5 til 15 prósent.⁵

Þrátt fyrir að mikill munur sé á milli norrænu landanna innbyrðis, sem og á milli þeirra og New York, má draga mikilvægan lærdóm af New York-líkaninu.

Helsingfors, 2. september 2019

Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klintskov Jerkel (KF)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)
Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Pål Jonson (M)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)

⁴ Frank E Zimring, The City That Became Safe: New York's Lessons for Urban Crime and Its Control, Oxford University Press; 1 edition (23. nóvember 2011)

⁵ Brennan Center for Justice, 2015, WHAT CAUSED THE CRIME DECLINE?